

**Sp.**

**475. Tillaga til þingsályktunar**

**[226. mál]**

um menntun fjölfatlaðra.

Flm.: Oddur Ólafsson, Ólafur G. Einarsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta semja frv., sem lagt verði fyrir næsta Alþingi, um ráðstafanir til að bæta menntunaraðstöðu fjölfatlaðra barna og unglinga.

#### Greinargerð.

Þótt ekki séu til áreiðanlegar tölur um fjölda barna, sem ekki eiga samleið með öðrum börnum í námi og skólagöngu, er það skoðun þeirra, sem að þessum málum vinna og bezt þekkja til, að fjöldi slíkra barna fari vaxandi hér á landi, eins og viðast annars staðar í nálægari löndum.

Hér er átt við börn, sem hafa meiri háttar líkamságalla, flest frá fæðingu, og börn með greindarskerðingu á ýmsu stigi. Ekki er ótítt, að saman fari líkamlegir ágallar og skert námsgeta. Oft á tíðum á viðkomandi barn við að etja hvort tveggja, líkamlega örorku og truflun á einu eða fleiri sviðum skynjunar og tjáningar, svo sem sjóntruflun, heyrnartruflun, taltruflun og truflun á myndun hugmynda og skilnings. Orðið fjölfötlun hefur verið notað sem samheiti fyrir örorku af þessu tagi, þar sem fleiri en eitt atriði eru hjá sama barni sem hindrun fyrir eðlilegri tilveru.

Það er augljóst, að börn þau, sem hér um ræðir, eru verr undir nám búin en önnur. Auk þess hefur mjög á vantað, að til væru ytri kringumstæður til að geta sinnt þessum börnum. Hvort tveggja hefur vantað, húsnæði og sérmenntaða kennara.

Ríkið hefur rekið sérstakan skóla fyrir heyrnarlaus börn, Blindrafélagið sér um kennslu blindra barna og Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra hefur rekið til bráðabirgða skóla fyrir hreyfihömluð börn í Reykjadal, Mosfellshreppi.

Taka þarf fram, að mörg þessara barna þarfnast heimavistar, á meðan þau eru í skóla. Sum eru þannig á sig komin, að erfitt er að hafa þau í heimahúsum eða erfitt er að flytja þau á milli heimilis og skóla, og að sjálfsögðu ræður hér búseta miklu um, þar eð börn utan af landi, sem þurfa sérkennslu og umönnun, eiga hennar að sjálfsögðu ekki kost á Reykjavíkursvæðinu, nema til komi aðstoð skyldfólks eða annarra, og slík aðstoð er vandfengin oftast nær.

Ljóst er, að því aðeins næst árangur á þessu sviði, að upp komist ein miðstöð fyrir landið allt, sem annast kennslu og umönnun þessara barna. Slík miðstöð mundi tryggja bezta nýtingu á sérmenntuðu starfsfólki og gera það kleift, að hvert barn fengi þá þjónustu og fyrirgreiðslu, sem það þyrfti, en þjónustan og fyrirgreiðslan geta að öðru leyti verið mjög sameiginleg fyrir hinar ýmsu tegundir örorku barnanna.

Börn þau, sem hér um ræðir, þurfa fyrr en önnur börn að komast í skynjunarlega og þroskalega þjálfun, auk þess sem sum þeirra þurfa mjög brýnt líkamlega þjálfun. Þannig mætti segja, að skólaskylda þessara barna ætti að hefjast 1—2 árum fyrr en venjulegra barna, en auk þess hafa þessi börn mjög brýna þörf fyrir sérstaka forskóla eða leikskóla allt frá tveggja ára aldri. Vísir að leikskóla fyrir slík börn hefur myndast hjá Styrktarfélagi lamaðra og fatlaðra í bráðabirgðahúsnæði.

Hér er um svo mikla framkvæmd að ræða, að það mun ekki vera á færi líknarféлага eða áhugamannahópa að koma henni af stað. Það er því mjög brýnt, að ríkisstjórnin sjái svo um, að mál þessi verði tekin föstum tókum, áætlun gerð um skipulag þessara mála og framkvæmdir hafnar, sem miða að því, að öll börn á landinu fái notið þeirrar kennslu og skólunar, sem kemur að gagni.